

Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks

***Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um bætt hjólastólaaðgengi í skólum og félagsmiðstöðvum í Reykjavík***

A fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð svohljóðandi tillaga Elísabetar Gunnarsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að veita auknu fjármagni til að bæta hjólastólaaðgengi að félagsmiðstöðvum og skólum og að úrbætur hefjist í samráði við aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks eigi síðar en haustið 2024.

**Greinargerð:**

Að geta stundað nám í skóla í sínu hverfi eru ekki forréttindi heldur mannréttindi. Þess vegna þarf að bæta aðgengi fyrir einstaklinga sem nota hjólastól að skólum og félagsmiðstöðvum. Margar staðsetningar sem ungmenni nýta sér eru ekki aðgengilegar. Vegna aukinnar umræðu í samfélaginu um aðgengismál hefur það vakið athygli okkar að Reykjavíkurborg hefur ekki staðið sig í því að bæta úr þessum málum. Tillaga um sama mál var lögð fram fyrir tveimur árum og við höfum ekki séð neinar bætingar eða áform um bætingar. Okkur í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða finnst þetta vera óásættanlegt ástand sem þarf að bæta úr sem fyrst.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

**Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.**

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal  
e.u.